

## Styrkumsóknir til borgarráðs 2016

	<u>Tengiliður</u>	<u>Efni</u>	<u>Dags. brefs</u>	<u>Sótt um kr.</u>	<u>Sótt um áður sýrkt</u>	<u>Tillaga að sýrkt</u>	<u>Málsnr.</u>
1	Kristjana Nanna Jónsdóttir f.h. félags um skjalastjórnun	Þýðing ISO 15489-1:2016 staðals um skjalastjórnun	11.1.2017	100.000+	nei	nei	R17010164



11.1.2017



Málsnr.: R17010164  
Skjalasafn Ráðhúss

13. jan. 2017

Bréfalykill: 1252

Árið 2001 kom út alþjóðlegur staðall um skjalastjórn ISO 15489:2001 (e. Information and documentation – Records management). Hann var gerður að íslenskum staðli og gefinn út á vegum Staðlaráðs Íslands í maí 2005. Staðallinn markaði tímamót í skjala- og upplýsingastjórn á Íslandi en hann tekur til skjalastjórnar hjá opinberum aðilum jafnt sem einkaaðilum og reglur hans gilda hvort sem umfang starfseminnar er mikil eða lítil. Staðallinn er leiðbeinandi um hönnun og innleiðingu skjalastjórnunarkerfis, lýsing á bestu starfsvenjum og er viðmið um vönduð vinnubrögð sem tengjast skjalastjórn.

Í apríl 2016 kom út ný útgáfa staðalsins hjá ISO (International Standard Organization). Fyrir þau fjölmörgu íslensku fyrirtæki og stofnanir sem vinna skv. staðlinum og hafa hann til viðmiðunar í sínum störfum telur Félag um skjalastjórn nauðsynlegt að vinna að íslenskri þýðingu á nýrri útgáfu staðalsins ISO 15489-1:2016 og gefa út sem íslenskan staðal. Ný útgáfa staðalsins fellur betur að því upplýsinga- og tæknihverfi sem fyrirtæki og stofnanir hérlendis starfa í nú. Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu mikið það umhverfi hefur breyst frá því fyrri útgáfa staðalsins kom út árið 2001. Í nýju útgáfunni er að finna mun ítarlegri tækniupplýsingar heldur en í þeim fyrri og eru þessar breytingar mjög mikilvægar fyrir skjalastjórn nútímans.

Félag um skjalastjórn vinnur nú að fjármögnun þýðingar staðalsins svo að Staðlaráð Íslands geti hafið vinnu við þýðingu. Félagið mun óska eftir því við Staðlaráð Íslands að ISO 15489-1:2016 verði gerður að íslenskum staðli.

Hér með óskar Félag um skjalastjórn eftir styrk að lágmarki upphæð kr. 100.000.- til þess að fjármagna þýðingarvinnu þessa mikilvæga staðals fyrir skjala- og upplýsingastjórn á Íslandi. Nöfn þeirra stofnana og fyrirtækja sem styrkja verkefnið munu verða birt í íslenskri útgáfu staðalsins. Einnig verða upplýsingar um styrki settar á heimasíðu félagsins og víðar. Það er hagsmunamál fyrir félagið að fá staðalinn þýddan og þýðing hans hefur áhrif á skjalastjórn alls staðar á landinu.

Félag um skjalastjórn hefur verið starfandi síðan 1988. Markmið þess er að efla þekkingu og skilning á skjalastjórn hjá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum. Tilgangur þess er enn fremur að efla tengsl þeirra sem starfa við skjalastjórn og og stuðla að samvinnu þeirra á milli.

Með óskum um jákvæð viðbrögð.

Kristjana Nanna Jónsdóttir  
Formaður Félags um skjalastjórn  
[formadur@irma.is](mailto:formadur@irma.is)

*Kristjana Nanna Jónsdóttir*